Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2330
komudagur 7.5. 2012

**athugasemd vegna rammaáætlunar**

dagny indridadottir [fettibretta@yahoo.com]

**Sent:** 7. maí 2012 14:30

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Góðan dag,

Ég undirrituð geri alvarlegar athugasemdir við þær tillögur rammaáætlunar um að setja jarðhitasvæði á Reykjanesfólkvangi í nýtingarflokk og tel að því verðmæta svæði sé betur borgið í verndarflokki.

Svæðið hefur upp á ótal marga möguleika að bjóða aðra en að nýta það til virkjunar jarðvarma og finnst mér ámælisvert að ekki séu kannaðar forsendur frekari nýtingarmöguleika. Óspilit náttúra og víðerni eru af skornum skammti á heimsvísu og því ber okkur að vernda þá auðlind. Ekki skemmir hversu nálægt nokkrum þéttbýliskjörnum svæðið er auk þess að aðgengi að því er gott. Landslag og jarðmyndanir svæðisins eru einstök og ber að vernda sem slíkt fremur en nýta til virkjunar.

Virðingarfyllst,

Dagný Indriðadóttir
130365 3379